



Lúxemborg, 20. nóvember 2024

## FRÉTTATILKYNNING 12/2024

### Dómur í máli E-2/24 *Bygg & Industri Norge AS o.fl.gegn norska ríkinu*

#### TAKMARKANIR Á STARFSMANNALEIGUM Í NOREGI

Með dómi sem kveðinn var upp í dag veitti EFTA-dómstóllinn ráðgefandi álit um spurningar frá Héraðsdómi Óslóar (*Oslo tingrett*) varðandi landsreglur sem takmarka starfsemi starfsmannaleiga í Noregi.

Stefnendur í málinu sem er til meðferðar hjá Héraðsdómi Óslóar, sem eru norskar starfsmannaleigur, halda því fram að nýlegar breytingar á norski löggjöf um starfsmannaleigur brjóti í bága við EES-rétt.

Í desember 2022 samþykkti norska Stórþingið (*Stortinget*) lagabreytingar sem takmörkuðu þann möguleika að ráða starfsmenn frá starfsmannaleigum. Með breytingunum var heimild til ráðningar slíkra starfsmanna í tímabundin verk afnumin og þeim gert óheimilt að starfa við byggingarvinnu í Ósló, Viken og fyrrum Vestfold. Þó er enn hægt að ráða starfsmenn starfsmannaleiga við ákveðnar aðstæður.

Með dómi sínum, taldi EFTA-dómstóllinn að til þess að skera úr um hvort landsreglur falli undir gildissvið eins eða fleiri þátta fjórfrelsisins, sem kveðið er á um í EES-samningnum, verði að taka tillit til tilgangs reglnanna sem og atvika hvers máls fyrir sig.

Að því er varðar einn af stefnendum málsins fyrir landsdómstólnum, sem er dótturfélag dansks móðurfélags, taldi EFTA-dómstóllinn að landsreglurnar sem um ræddi í málinu hömluðu starfsemi starfsmannaleigunnar og takmörkuðu þannig staðfesturétt EES-samningsins. Staðfesturétturinn tryggir rétt til stöðugar og samfelldrar þátttöku í atvinnulífi EES-ríkis.

Þó er hægt að réttlæta slíka takmörkun með brýna almannahagsmuni að leiðarljósi. EFTA-dómstóllinn taldi að markmið umræddra landsreglna væru í grundvallaratriðum lögmæt. Því þarf að taka til skoðunar hvort umræddar ráðstafanir samræmist meðalhófsreglu EES-réttar, en slíkt krefst þess að þær séu til þess fallnar að tryggja á samræmdan og kerfisbundinn hátt að markmiðum þeirra sé náð og að þær gangi ekki lengra en þörf krefur.

Mál þetta mun nú fara aftur fyrir Héraðsdóm Óslóar sem mun að lokum skera úr um hvort umræddar landsreglur samræmist EES-rétti.

Dóminn í heild sinni er að finna á vefslóð EFTA-dómstólsins: [www.eftacourt.int](http://www.eftacourt.int)

Fréttatilkynning þessi er ekki opinbert skjal. Dómurinn sjálfur gildir.